

Breyting á aðalskipulagi – Hróðnýjarstaðir og Sólheimar

Hér koma fram nokkrar athugasemdir við tillögur að breytingum á aðalskipulagi vegna vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og í Sólheimum. Í samræmi við tillögurnar er ekki vitnað til heimilda og tel rétt að haft sé samband við náttúrufræðinga um náttúruvísindi.

Miðað við framsetningu og notkun á hugtökum virðist þekking skýrsluhöfunda á náttúruvísindum af skornum skammti. Auk þess eru ýmsar fullyrðingar um náttúruvísindi settar fram án viðunandi tívísana í heimildir. Því verður öll umfjöllun í þessum tillögum varðandi náttúru og dýralíf ótraustvekjandi lesning, hvað þá þegar ekki er hægt að sannreyna hvort rétt er farið með vegna skorts á heimildaskráningu.

Við lestur virðist eingöngu notast við vistgerðarkort NÍ við mat á vistgerðum. Ekki kemur fram hver túlkar kortin. Rétt er og að benda á að ekki er óþekkt að votlendi sé vanmetið á vistgerðarkorti NÍ.

Óskiljanlegt er hvernig hægt er að leggja fram tillögu að vindmylluverum í Laxárdal án þess að nokkru sinni sé minnst á haförn. Vel þekkt er frá öðrum löndum að vindmyllur og flug fugla fer ekki vel saman. Haförnin hefur nú verið friðuð í ríflega öld og hafa m.a. æðarbændur mátt lifa við tekjufall eftir því hvar henni hefur verið þóknlegt að staðsetja sig á varptímanum. En hér virðist uppbygging arnarstofnsins ekki vera mikilvægari en svo að ástæðulaust er að nefna hana á nafn. Þó eru Hróðnýjarstaðir á flugleið arnarins milli Hvammsfjarðar og framanverðs Laxárdals og Sólheimar eru staðsettir á milli Hvammsfjarðar og Hrútafjarðar.

Votlendi og ósnert heiðarlönd eru mikilvæg búsvæði margra fugla. Bæði haförn og himbrimi eru með litla viðkomu og tekur því langan tíma að vinna upp það sem tapast í spaðana. Nálægðin við búsvæði himbrima, álfta, hafarna og annarra fugla ætti eitt og sér að duga til að falla frá öllum vindorkuáformum á þessu svæði.

Það er ekki traustvekjandi að leggja fram tillögur að breytingum á aðalskipulagi þar sem ekki er búið að ganga formlega frá merkjum jarða og mögulega hluti svæðisins tilheyrir annarri jörð.

Misræmi er í texta um lengd vega og það innan sömu blaðsíðunnar. Þá er eingöngu talað um lengd vega en ekki landstærð sem fer undir vegi. Miðað við reynslu Norðmanna hefur ekki síður farið land undir vegaframkvæmdir en vindmyllurnar sjálfar.

Sjónmengunarsvæði af þessum vindmyllugörðum er verulegt samkvæmt kortum í viðaukum. Og miðað við reynsluna af þremur tilraunamöstrum þá er sjónmengunin mun hvítleiðari í myrkri en í björtu. Þá virðir hún ekki mörk jarða né sveitarfélaga.

Við mat á áhrifum á samfélagið er eingöngu talað um landbúnað en hvergi minnst á ferðaþjónustu né almenn lífsgæði íbúa. Sjón- og hljóðmengun af vindmyllum hefur neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og íbúa. Dalirnir hafa meðal annars markaðssett sig sem útivistarsvæði og ró, bæði fyrir ferðamenn og nýja íbúa. Þá skerðir ljósmengunin stjörnu- og norðurljósaskoðun ferðamanna og íbúa.

Orðalag er mjög teygjanlegt þar sem rætt er um áhrif framkvæmda á minjar, náttúru og dýralíf. Nokkur dæmi um það eru *“gert er ráð fyrir ...”* *“stuðlað verði að ...”* *“reynt verður ...”* o.s.frv.